

## **4. Færni aðstoðarfólks - að veita öryggi**

### **4.a. Að túlka hegðun sem tjáningu**

Í þessum kafla er rætt áfram um færni sem aðstoðarfólk þarf að hafa til þess að geta tekið hlutverk milliliðsins og stuðningsaðilans, færni sem tengist því að fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning á oft erfitt með að lesa í aðstæður og laga sig að breytingum, og skapar það oft mikið óöryggi í nýjum aðstæðum.

Í rannsókninni kom fram að færni aðstoðarfólks í því að skilja tjáningu notanda skipti miklu máli fyrir hvernig því tekst að veita notanda nauðsynlegt öryggi í þeim oft krefjandi aðstæðum sem námið getur verið. Oft hættir okkur til að túlka hegðun notanda sem „leti“ eða „þrjóska“. En það er nauðsynlegt að geta litið á hegðun notanda sem tjáningu og að leggja sig fram um að finna skýringu, t.d. hvað gerðist á undan eða er eitthvað í aðstæðunum sem veldur óöryggi?

Síðan þarf að bregðast við á viðeigandi hátt sem notandi skilur, t.d. bjóða notanda val eða tækifæri til að tjá sig, tryggja að hann viti hvað stendur til eða taka þátt með notanda og veita honum þannig öryggi.

Það er mikilvægt að æfa sig í að hugsa á þennan hátt og verða þannig með tímanum betri í að finna skýringu á hegðun notanda, skilja þá tjáningu sem liggur að baki og bregðast við því.

**Verkefni:** Vinnið saman í litlum hópum og hugsið um einn notanda sem allir í hópnum þekkja vel. Ræðið eftirfarandi:

- Rifjið upp dæmi þar sem þið sjálf eða aðrir hafa túlkað viðbrögð notanda sem „leti“ eða „þrjóska“.
- Reynið í sameiningu að finna aðra skýringu á viðbrögðum notanda. Hvað gerðist á undan? Hvernig voru aðstæðurnar? Hver voru viðbrögð annarra?...
- Hvernig hefði verið best fyrir aðstoðarmanninn að bregðast við til þess að auka möguleika notanda til þátttöku í því sem verið var að gera?